

# UEFA B próf í þjálfaramenntun



Fyrirlestur á undirbúningsfundi fyrir  
UEFA B prófið sem er 29. janúar 2005.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson  
fræðslustjóri KSÍ

## Hvað er UEFA B þjálfaragráða?

- UEFA B þjálfaragráða er sú fyrsta af þremur viðurkenndum þjálfaragráðum UEFA.
- UEFA B þjálfaragráða er metin í 38 af 52 aðildarlöndum UEFA (fleiri á leiðinni).
- UEFA B þjálfaragráða er lágmarkskrafa samkvæmt leyfiskerfinu fyrir þjálfara mfl. 2. 3. og 4.fl karla í efstu deild. Sektir ef ekki uppfyllt.
- KSÍ mælir með sömu gráðu fyrir þjálfara kvennaflokka.
- UEFA B þjálfaragráða veitir réttindi til að þjálfra alla yngri flokka á Íslandi skv. núgildandi reglugerð.

## Samanburður á kröfum UEFA og íslensku UEFA B gráðunni

### Kröfur UEFA:

120 tímar

48 bóklegir tímar

72 verklegir tímar

40% bóklegt

60% verklegt

### KSÍ I-IV Ísland:


124 tímar

50 bóklegir tímar

74 verklegir tímar


40% bóklegt

60% verklegt




# Fyrir hverja er UEFA B prófið?

- Fyrir alla þjálfara sem hafa lokið KSÍ I,II,III og IV (og KSÍ III verkefni), þjálfarinn þarf að vera lágmark 18 ára á árinu sem prófið fer fram.
- **Þjálfara með metnað!**
- Þjálfarar með D eða E-stig fá skírteinið án þess að þurfa að taka prófið.



## Nánar um prófið

- Prófið er skriflegt og próftími er 2 tímar.
- Passamyndataka fer fram að prófi loknu.
- Prófað er úr öllu námsefni þjálfaranámskeiðanna
- Námsefnið er aðgengilegt á fræðsluvef KSÍ og til sölu hjá KSÍ.




# Staður og tímasetning prófsins

- Prófið er 29. janúar stundvíslega klukkan 11.00 í Verzlunarskóla Íslands stofum 205 og 206 og gengið er inn í skólann hjá vaktmanninum en það er fyrir aftan skólann, (ekki Kringlumegin) og úti í horni hjá íþróttahúsinu. Þar er vaktmaður,
- Mætið tímanlega!


## Nánar um prófið

- Prófið skiptist í krossapróf (50%), styttri spurningar (35%) og tímaseðil (15%).
- Prófið er 100 stig, 50 stig veita UEFA B gráðuna en 70 stig þarf til að halda áfram í menntunarkerfi KSÍ.



## KSÍ B þjálfarar

- Þeir þjálfarar sem hafa UEFA B gráðuna frá Íslandi kallast "KSÍ B þjálfarar".
- KSÍ B þjálfarar fá nafn sitt birt á fræðsluvef KSÍ og hafa leyfi til að þjálfa alla yngri flokka á Íslandi.





## Hvað svo?

- Þeir sem ná prófinu fá viðurkenningarskjal merkt KSÍ og UEFA ásamt sérstöku þjálfaraskírteini.
- Þjálfaraskírteininu þarf að viðhalda með endurmenntun.
- KSÍ mun boða til útskriftar þegar skjölin og skírteinin verða klár



## Hvað svo?


- Viðhalda þarf þjálfaraskírteininu með 15 tíma endurmenntun á 3 ára fresti.
- Þjálfarar þurfa að passa sjálfir upp á að geta **sannað** sína endurmenntun.
- Endurmenntun er t.d. námskeið og ráðstefnur sem nýtast í þjálfarastarfinu.
- Reglur um endurmenntun eru að próast hjá UEFA.
- Ef þú ert í vafa um hvað telst endurmenntun hafðu þá samband við fræðslustjóra KSÍ.




## Hvað er að gerast í þjálfaramenntun?

- Mikil áhersla er lögð á þjálfaramenntun hjá UEFA.
- Kröfurnar um þjálfaramenntun munu væntanlega aukast í framtíðinni.
- Sprenging í námskeiðahaldi hjá KSÍ.

# Fjöldi þjálfaranámskeiða KSI á árunum 2000-2004



## Fjöldi þjálfara sem sóttu þjálfaranámskeið KSI á árunum 2000-2004



# Hvers vegna þessi gríðarlega aukning?

- Metnaðarfullt starf félaga
- Leyfiskerfi (krafa um menntun)
- Vakning meðal þjálfaranna sjálfra
- Fræðslustjóri í fullu starfi
- Góð námskeið
- Hæfir kennarar
- Kennt eftir fastri námskrá
- Þjóðum nú upp á námskeið um allt land
- UEFA B þjálfaraskírteinið
- Auknir möguleikar til að starfa erlendis við þjálfun
- KSÍ heldur betur utan um skráningar en áður
- Póstlisti KSÍ
- Heimasíða KSÍ
- Fræðsluvefur KSÍ
- Góð menntun þjálfara skilar sér í betri knattspyrnu!

## Leyfiskerfi – kröfur um menntun þjálfara

Þjálfarar karlaflokka hjá félögunum í Landsbankadeild karla verða að hafa eftirfarandi menntun:

- Þjálfarar 5. 6. 7. og 8.flokks karla þurfa KSÍ II.
- Þjálfarar 2. 3. og 4. flokks karla þurfa UEFA B (KSÍ B gráðu).
- Þjálfari mfl. karla þarf UEFA B og KSÍ VI (eða E-stig í gamla þjálfaramenntunarkerfinu). Nauðsynlegt til að fá keppnisleyfi!  
(Meistaraflokksþjálfari skal hafa hæstu mögulegu menntun sem býðst á Íslandi hverju sinni).

## Hvað er framundan hjá KSÍ?

- UEFA B próf 29. janúar 2005.
- Afhending UEFA B þjálfaraskírteina í febrúar.
- Önnur heimsókn Simon Smith markmannspjálfara?
- Sameiginleg ráðstefna KSÍ og ÍSÍ í apríl/maí?
- KSÍ V í febrúar/mars
- KSÍ VI í október 2005 í Englandi? (Gæti frestast).
- Úttekt Howard Wilkinson á KSÍ VII námskeiði okkar í febrúar/mars 2005.
- Samþykki UEFA á UEFA A umsókn okkar í apríl/maí?
- Önnur hefðbundin námskeið.



## Könnun á menntun allra knattspyrnuþjálfara á Íslandi 2004

- Aldrei verið kannað áður. Fáum svör við mikilvægum spurningum.
- Flest félög hafa svarað, nokkur eiga samt ennþá eftir að skila inn. Er þitt félag búið að svara?
- Niðurstöðurnar notaðar til að gera nýja reglugerð og meðmæli frá KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara í öllum flokkum og deildum.
- Niðurstöður ættu að liggja fyrir í desember.

## Fræðsluvefur KSÍ

- Vinsæll vefur fyrir þjálfara og aðra áhugamenn.
- Æfingasafn, upplýsingar um þjálfaranámskeið KSÍ, listi yfir fræðsluefni og kennslugögn þjálfaranámskeiða KSÍ, tenglar fyrir þjálfara, greinar, viðtöl og margt fleira.
- Hægt að skrá sig þar á póstlista KSÍ (320 skráðir), ókeypis skráning.
- Vefurinn er aðgengilegur efst á heimasíðu KSÍ

## Dæmi um krossaspurningu

Knattspyrnulögin: Hvernig ber dómara að hefja leik að nýju, eftir að hann hefur verið stöðvaður vegna utanaðkomandi atvika ?

- Með beinni aukaspyrnu
- Með því að láta knöttinn falla
- Með óbeinni aukaspyrnu
- Ekkert af ofantöldu

# Dæmi um spurningu á prófinu

3%

28. Knattspyrnutækni/kennslufræði: Þú ert þjálfari í 4.flokki kvenna og ætlar að kenna þeim að taka á móti boltanum. Nefndu 3 atriði sem þú leggur sérstaka áherslu á við þær við móttöku á bolta.

1. \_\_\_\_\_

2. \_\_\_\_\_

3. \_\_\_\_\_

# Dæmi um spurningu á prófinu

## Löng spurning 15%

Æfingakennsla/gerð tímaseðils:

Þú ert þjálfari hjá 6.flokki drengja og átt að setja upp eina æfingastund (60 mín) þar sem eftirfarandi þættir eru markmiðið: gleði, fjölbreytni, skemmtilegir leikir, allir virkir. Notaðu tímaseðlana á bls 9-10 fyrir æfingar sem þú telur að nái þessum markmiðum fram. Þú ert með ótakmarkað af boltum, keilum og vestum. Fjöldi leikmanna eru 16.

## Námsefni til prófsins

1. Kennslu- og æfingaskrá fyrir barna og unglingaþjálfun í knattspyrnu eftir Janus Guðlaugsson (KSÍ I). 2500 krónur hjá KSÍ.
2. Þjálffræði eftir Gjerset o.fl (KSÍ II) 3200 krónur hjá KSÍ.
3. Markmaður - Færni og þjálfun (KSÍ III) 1500 krónur hjá KSÍ
4. Markmannsþjálfun - vídeóspóla eftir Guðmund Hreiðarsson (KSÍ IV) 2500 krónur hjá KSÍ
5. Knattspyrnulögin - ókeypis á heimasíðu KSÍ eða 500 krónur ef þau eru keypt í hefti á skrifstofu KSÍ
6. Sérefni frá kennurum KSÍ I, II, III og IV - aðgengilegt ókeypis á fræðsluvef KSÍ undir "fræðsluefni og kennslugögn".